

Ytra mat grunnskóla

Kópavogsskóli

september 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

Höfundar: Kristín Sigurðardóttir og Oddný J. Eyjólfsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2307-4

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	4
Innra mat	5
Skólaprófill.....	6
Upplýsingar um Kópavogsskóla.....	7
Niðurstöður	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	8
1.1 Faglegt samstarf og samræða	8
1.2 Samvirkni í stefnumótun	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	9
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	9
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2. Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu.....	17
2.4 Skipulag náms.....	18
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka	19
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Kópavogsskóla sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat*. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu.
- Sýn og stefna skólans er aðgengileg.
- Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.
- Stjórnendur efna reglulega til funda þar sem leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Nemendum er kynnt netöryggi og fylgst er með að aðbúnaður í skólanum sé öruggur.
- Nemendur eru kosnir til starfa í nemendaráði og koma upplýsingum til annarra nemenda.
- Nýir kennarar fá leiðsagnarkennara og unnið er eftir gátlista við móttöku á nýjum starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Vinna skólanámskrá þannig að hún uppfylli viðmið aðalnámskrár.
- Ljúka vinnu við námsvísa/bekkjarnámskrár.
- Birta áætlanir um nám og kennslu sem ná til skólaárs eða annar í skólanámskrá og tiltaka hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Leggja áherslu á að kennarar geri stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.
- Fjalla um þróunarstarf og árangur á samræmdum könnunarprófum og skimunum skólans í skýrslu um innra mat.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015.
- Tryggja aðkomu nemenda og foreldra að endurskoðun skólareglna.
- Tryggja að nemendur séu valdir í skólaráð til tveggja ára.
- Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna til kennara og fylgjast með störfum starfsmanna og veita endurgjöf.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Reglulega er fylgst með árangri nemenda og hann skráður.
- Skólinn notar matstækið Lesferil til að fylgjast með árangri nemenda í grunnþáttum læsis og hefur skráð viðbrögð og ferli við lestrarörðugleikum.

- Dæmi eru um að notkun spjalddólva í kennslu auki fjölbreytni og ýti undir samvinnu nemenda.
- Kennarar nýta teymiskennslu markvisst á yngsta stigi til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur geta valið sér námsgreinar og námsaðferðir í valgreinum í 8.-10. bekk og reynt sig í viðfangsefnum sem tengjast þeirra áhugasviði og námsstíl.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu fyrir foreldraviðtöl.
- Sjóarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- Stefnan Uppeldi til ábyrgðar er sýnileg og virk og hvetur til jákvæðs skólabrags.

Tækifæri til umbóta

- Birta með skýrum hætti í skólanámskrá áherslur aðalnámskrár um nám og kennslu með tilgreindum leiðum til að mæta þeim, ásamt því hvernig námsaðlögun er háttað.
- Gera grunnþáttum menntunar skil í skólanámskrá og áætlunum um nám.
- Skrá viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni og gera þessar upplýsingar aðgengilegar, auk þess að gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.
- Hvetja kennara til þess að nýta fjölbreytilega kennsluhætti, m.a. í þeim tilgangi að koma til móts við hvern og einn nemanda.
- Skipuleggja kennslu og verkefni/viðfangsefni þannig að námstími nemenda sé vel nýttur, m.a. með tilliti til lengdar kennslustunda og tíma sem þarf til að komast í og úr íprótta- og sundtímum.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Birta í kennsluáætlunum hvernig á að kom til móts við ólíkar námsþarfir nemenda.
- Þjálfa samvinnu og samstarf nemenda markvisst í námi og kennslu.
- Koma á formlegum samtölum umsjónarkennara við nemendur um nám og líðan.

Innra mat

Styrkleikar

- Í starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem farnar eru við innra mat.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjóarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Dæmi eru um umbætur í skólastarfinu sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.
- Byggja val matsþátta með skýrum hætti á markmiðum og helstu viðfangsefnum og meta þau reglubundið.
- Gera leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla hluta af innra mati og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Vinna áætlun um innra mat sem nær til lengri tíma (3-5 ár) þannig að helstu þættir skólastarfsins séu metnir.
- Bera áætlanir um umbætur undir skólaráð með formlegum hætti og fylgja þeim kerfisbundið eftir.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt.

Prófilar skóla er ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Kópavogsskóla

Kópavogsskóli stendur við Digranesveg 15 og er hverfisskóli í miðbæ Kópavogs. Skólinn var stofnaður 1949 og einkunnarorð hans eru *vinátta – virðing – vellíðan*. Á haustönn 2018 voru 360 nemendur í skólanum.

Í skólanum eru 360 nemendur á haustönn 2018. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	43	34	37	37	40	34	38	30	39	28
Fjöldi bekkjardeilda	2	2	2	2	2	2	2	1	2	2

Hlutfall nemenda af erlendum uppruna er 20% og stunda 11 nemendur nám á öðru skólastigi á skólaárinu.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	2	8	5	2	1	0	2	2	1	2
Einstaklingsnámskrá	5	4	0	3	4	3	7	2	3	1
Sérkennsla og aðlagð námsefni		11	7	3	8	5	8	1	2	0

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	1	0	2	2	3

Fjöldi starfsmanna; stjórnendur, kennarar (þar af fjöldi leiðbeinenda og heildarstarfshlutfall þeirra), annað starfsfólk og sérfræðingar.

Stjórnendur eru fjórir, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri í 0,89 stöðugildi, deildarstjóri yngra stigs í 0,7 stöðugildi og deildarstjóri sérúrræða í hálfri stöðu. Kennarar eru 40 í 36 stöðugildum og leiðbeinendur fjórir í 3,29 stöðugildum. Við skólann stafa fimm skólaliðar, tveir stuðningsfulltrúar í 1,3 stöðugildum, tveir matráðar, námsráðgjafi, húsvörður, tveir skólaritarar í hálfu starfi hvor, safnstjóri skólabókasafns í 0,7 stöðugildi, forstöðumaður frístundar og sjö frístundaleiðbeinendur í 3,5 stöðugildum.

Auk þess koma í skólann sérfræðingar frá menntasviði Kópavogs, sálfræðingur 12 klukkustundir á viku og talmeinafræðingur í fjórar klukkustundir á viku.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf. Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að á mánudögum er fastur tími fyrir starfsþróun, „Mánudagur til menntunar“, og einu sinni í mánuði eru Menntabúðir haldnar til skiptis í skólunum í bænum þar sem boðið er upp á fræðslu. Einnig eru fastir fundir á föstudögum sem almennir starfsmenn eru á einu sinni í mánuði en annars eru kennara- og deildarfundir. Fram kom að kennarar gera stjórnendum ekki reglubundið grein fyrir hvernig þeir vinni að því að auka gæði náms og kennslu. Stjórnendur telja sig hvetja kennara til að takast á við nýjungar í skólastarfinu. Í óbirtri starfsáætlun Kópavogsskóla 2018-2019 er starfsþróunaráætlun skólans 2017-2020. Hún byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna sem hafa svigrúm til að sækja sér þá endurmenntun sem þeir hafa hug á. Fram kom að stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um námskeið og símenntun til kennara en almennum starfsmönnum finnst það síður eiga við um þá sem eru í öðru stéttarfélagi.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Sýn og stefna Kópavogsskóla er birt á heimasíðu skólans sem er í endurskoðun. Efnisþættir sem eiga að mynda skólanámskrá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru í skjölum sem flest eru enn á gömlu heimasíðu skólans. Fram kom að verið er að vinna að því að uppfæra gögn áður en þau verða sett á nýju heimasíðuna. Í gögnum á gömlu heimasíðunni er ekki að sjá útfærslu skólans á grunnþáttum menntunar eða hvernig unnið er með stefnu skólans. Ekki er gerð grein fyrir tengslum við nærsamfélagið og hvernig það er nýtt til náms og þroska.

Á gömlu heimasíðunni eru bekkjarnámskrár fyrir allflest námssvið sem lokið var við vorið 2014. Þó er ekkert um stærðfræði í 1.-4. bekk. Í þessum bekkjarnámskrám eru skráð hæfniviðmið á einstökum námssviðum eins og þau eru í aðalnámskrá grunnskóla og lýsa þeirri hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í umfjöllun um námsmat stendur að í október og febrúar sé frammistöðumat í Mentor og að vori séu gefnar einkunnir/umsagnir með tilteknu hlutfalli á milli símats og prófa. Gerð er grein fyrir lykilhæfni eftir stigum eins og hún birtist í aðalnámskrá grunnskóla. Í bekkjarnámskrám koma ekki fram tengsl við lykilhæfni og námsmat.

Áætlanir um nám og kennslu sem ná til skólaárs eða annar eru vistaðar á læstu drifi sem aðeins er aðgengilegt fyrir kennara.

Stefna Kópavogsskóla var unnin árið 2015 og gildir til ársins 2018. Stefnan var unnin í samráði við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Fram kom að í lok haustannar 2016 hafi verið unnin aðgerðaráætlun um framvindu stefnunnar og nú standi fyrir dyrum að endurskoða stefnuna með sama hætti í samstarfi við hagsmunaaðila. Í bekkjarnámskrá er ekki gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.

Hjá stjórnendum kom fram að þeir eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu og í því sambandi nefnd stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja áherslu á að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið. Skólastjóri hittir stjórn foreldrafélagsins mánaðarlega og þá er hægt að ræða mál sem stjórnin hefur safnað frá foreldrum. Skólastjórnendur boða til opinna funda með foreldrum hvers árgangs, að því er fram kemur í starfsáætlun, og einnig eru samráðsfundir þar sem fulltrúar árganga, stjórn foreldrafélags, skólastjóri og skólaráð hittast til að samræma störf og fá yfirsýn yfir foreldrastarfið í skólanum. Foreldrar telja að litið sé á þá sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólustarfs, að vel sé tekið í hugmyndir þeirra en að stundum sé eins og vanti upp á eftirfylgni. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Hjá stjórnendum kom fram að haldinn var fundur með foreldrum og þeim kynnt reglugerð um sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag þegar hún kom út.

Á heimasíðu Kópavogsskóla eru fréttir af daglegu starfi, skólinn gefur út vefrænt fréttabréf 3-5 sinnum á hverju skólaári og kennarar senda vikulega tölvupósta til foreldra um starfið. Foreldrar lýstu ánægju með nýja heimasíðu og sögðu að þar væru hagnýtar upplýsingar.

Fulltrúi grenndarsamfélags er virkur þátttakandi í skólaráði. Fram kom að aðstoðarskólastjóri á vikulega fund með forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem hefur aðsetur í húsnæði skólans. Á gömlu heimasíðunni er getið um samstarf við leikskóla og framhaldsskóla og samstarf við Skema um forritunarkennslu. Hjá kennurum kom fram að samstarf sé við bókasafnið og að 10. bekkingar fari í starfskynningar.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Í óbirtri skýrslu um innra mat Kópavogsskóla 2017-2018 eru áætlanir skólans um umbætur sem byggja á könnunum Skólapúlsins hjá nemendum í 6.-10. bekk og starfsfólki. Einnig er gerð grein fyrir könnunum námsráðgjafa á líðan, vinnufrið og einelti í 4.-10. bekk sem og tengslakönnunum í bekkjardeildum eftir þörfum. Sömuleiðis er sagt frá starfsmannasamtölum og foreldrasamtölum. Í skýrslu um innra mat 2016-2017 eru birtar niðurstöður Skólapúlsins á könnun meðal foreldra sem ekki náði lágmarksviðmiði um þátttöku. Í skýrslum um innra mat er hvorki fjallað um þróunarstarf né byggt á gögnum um árangur á samræmdum könnunarprófum eða skimunum skólans, svo sem með notkun Lesferils. Í starfsþróunaráætlun má sjá að stjórnendur tryggja starfsfólki starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun, svo sem námskeið á yfirstandandi skólaári í Uppeldi til ábyrgðar til að bæta samskipti.

Í óbirtri starfsáætlun 2018-2019 er gerð grein fyrir þeirri þjónustu sem nemendur fá í kjölfar greiningar með LOGOS sé þörf á. Ekki liggur fyrir skráð verklag um hvernig önnur gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Fyrir liggur starfsáætlun 2018-2019 fyrir skólaárið en hún hefur ekki verið birt á heimasíðu.

Skólareglur Kópavogsskóla voru í upphafi unnar í samstarfi við foreldra. Þær voru síðan tengdar inn í skjalið „Umgengnisreglur og skýr mörk“ sem var unnið af stýrihópi og gefið út í janúar 2018. Þar er byggt á á leiðarljósi skólans, *vinátta*, *virðing*, *vellíðan* og hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar

„Uppeldi til ábyrgðar“ ásamt forvörnum gegn einelti, jafnréttisáætlun og reglugerð um ábyrgð og skyldur starfsfólks, nemenda og foreldra. Í skólareglum og meðfylgjandi áætlunum eru ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála er varða nemendur. Foreldrar og nemendur tóku ekki þátt í þessari vinnu en endurskoðun reglnanna var rædd hjá foreldrafélagi, nemendum og starfsmönnum.

Ekki liggur fyrir ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks.

Heilbrigðiseftirlit kemur reglulega, brunaæfing er fastur liður á hverju skólaári, öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður eru til staðar og húsvörður sér um að skólalóð sé í lagi. Nemendum er kynnt netöryggi bæði í tölvutímum og einnig kemur iPad teymi frá Kópavogsbæ. Foreldrar sögðu að stundum tæki of langan tíma að fá hlutum kipt í liðinn.

Nemendur fá kynningu á hverjir eru fulltrúar þeirra í nefndum og ráðum. Nemendur úr 8., 9. og 10. bekk eru kosnir í nemendaráð af sínum bekkjarfélögum. Tveir nemendur úr 10. bekk, drengur og stúlka, eru bæði formenn nemendaráðs og verða þau sjálfkrafa fulltrúar nemenda í skólaráði. Nemendur eru valdir til setu í skólaráði til eins árs en eiga að vera valdir til tveggja ára eins og aðrir fulltrúar. Upplýsingum úr ráðum og nefndum um mál sem varða nemendur er komið áleiðis með heimsóknum í bekki og í umsjónartímum.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins á vorönn 2018 mælist ánægja með stjórnun skólans minni en í sambærilegum skólum á landinu og í foreldrakönnun Skólapúlsins á vorönn 2017 mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans einnig minni en í sambærilegum skólum á landinu. Þess ber að geta að þátttaka foreldra í könnuninni var 74,2% en þátttaka þarf að ná 80% til að niðurstöður teljist marktækar.

Stjórnendur kynna fyrir starfsmönnum lög um persónuvernd og trúnað og undirrita þeir trúnaðaryfirlýsingu. Fram kom hjá skólastjóra að á kennarafundi í haust var rætt um trúnað og þagnarskyldu. Kópavogsbær hefur ráðið persónuverndarfulltrúa og er ráðgjafi væntanlegur á fund í skólann á haustönn. Verktakar sem koma í skólann hafa ekki verið beðnir um að undirrita trúnaðaryfirlýsingu.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Fyrir liggja starfslýsingar, verkaskipting stjórnenda er skráð og þeir funda saman tvisvar í viku. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega er við komið.

Nú í haust var tekið upp kerfi leiðsagnarkennara fyrir nýja kennara. Unnið er samkvæmt gátlista við móttöku nýrra starfsmanna og verið er að vinna að starfsmannahandbók. Stjórnendur sögðust fara á morgunrölt og benda á það sem betur mætti fara en þeir fylgjast ekki reglulega með störfum kennara og starfsmanna.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur eru virkir í endurmenntun og segist skólastjóri hvetja þá til starfsþróunar. Starfsmönnum er gefinn kostur á að velja sig í hópa varðandi einstök verkefni. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess. Þar var meðal annars nefnt jóga, sundleikfimi, reynt væri að skapa aðstöðu til að geyma hjól inni á vinnutíma og öllum stæði til boða að fá flensuspauptu.

Styrkleikar

- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu.
- Starfsþróunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna og starfsfólk hefur svigrúm til að sækja sér þá endurmenntun sem það hefur áhuga á.
- Sýn og stefna skólans er aðgengileg.
- Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra liggja fyrir.
- Stjórnendur efna reglulega til funda þar sem leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.
- Fulltrúi grenndarsamfélags er virkur í skólaráði.
- Haldnir eru reglulega fundir með forstöðumanni félagsmiðstöðvar sem er í húsnæði skólans.
- Starfsmönnum er tryggð viðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Nemendum er kynnt netöryggi og fylgst er með að aðbúnaður í skólanum sé öruggur.
- Nemendum er kynnt í hvaða nefndum og ráðum þeir eiga fulltrúa.
- Nemendur eru kosnir til starfa í nemendaráði og koma upplýsingum til annarra nemenda.
- Stjórnendur funda reglulega saman.
- Reynt er að nýta menntun og sérhæfingu kennara við skipulag kennslu eins og kostur er.
- Nýir kennarar fá leiðsagnarkennara og unnið er eftir gátlista við móttöku á nýjum starfsmönnum.
- Skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til endurmenntunar og eru allir stjórnendur virkir í að efla sig í starfi.
- Leitast er við að fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.
- Starfsmenn eru hvattir til að huga að heilsu sinni.

Tækifæri til umbóta

- Vinna skólanámskrá þannig að hún uppfylli viðmið aðalnámskrár.
- Ljúka vinnu við námsvísa/bekkjarnámskrár.
- Birta áætlanir um nám og kennslu sem ná til skólaárs eða annar í skólanámskrá og tiltaka hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Leggja áherslu á að kennarar geri stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.
- Miðla upplýsingum um tækifæri til að sækja endurmenntun til alls starfsfólks.
- Kynna foreldrum reglulega sameiginlega ábyrgð þeirra og skólans á jákvæðum skólabrag.
- Skrá hvernig samstarf við önnur skólastig er skipulagt sem og samskipti við grenndarsamfélagið um verkefni nemenda svo sem starfsnám og heimsóknir.
- Fjalla um þróunarstarf og árangur á samræmdum könnunarprófum og skimunum skólans í skýrslu um innra mat.
- Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í kennslu.

- Birta starfsáætlun 2018-2019 á heimasíðu.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015.
- Tryggja aðkomu nemenda og foreldra að endurskoðun skólareglna.
- Tryggja að nemendur séu valdir í skólaráð til tveggja ára.
- Innleiða þá reglu að verktakar og aðrir sem eru í lengri tíma í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna til kennara og fylgjast með störfum starfsmanna og veita endurgjöf.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Á gömlu heimasíðu skólans er vísað í bekkjarnámskrár. Þar kemur fram að þær voru endurskoðaðar árið 2014. Vísað er í námskrá hvers árgangs ásamt útskýringum á námsmati. Uppfærsla á þessum námskrám er í vinnslu í Mentor en sú vinna er mislangt komin eftir kennurum, fögum og árgöngum. Í þeim kennsluáætlunum sem voru sýnilegar á vettvangi kom ekki fram tenging við grunnþætti menntunar og hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Í flestum kennsluáætlunum var tiltekið hvaða kafla eða blaðsíður ætti að vinna í hverri viku á haustönn og hvenær ættu að vera próf eða verkefni. Ekki komu fram hæfniviðmið eða leiðir. Í viðtölum kom fram að þessar kennsluáætlanir væru vistaðar á læstu svæði fyrir kennara og ekki aðgengilegar foreldrum og kennurum, nema hjá nokkrum kennurum í gegnum Mentor.

Nemendur sögðust ekki alltaf þekkja þau markmið sem liggja til grundvallar í námi og kennslu. Á vettvangi sáust áherslur og áætlanir sem tengjast Byrjendalæsi og teymiskennslu í yngstu bekkjum. Stoðþjónusta stendur nemendum til boða í skólanum og einstaklingsnámskrár eru gerðar í samstarfi umsjónarkennara, sérkennara og foreldra en nemendur taka ekki þátt í þeirri vinnu.

Skólinn er án aðgreiningar samkvæmt áliti viðmælenda, og reynt að koma til móts við hvern og einn nemanda þannig að hann fái kennslu við sitt hæfi sem samræmist aðalnámskrá, t.d. með auka stuðningi eða aðstoð frá námsráðgjafa. Fjölbreyttari úrræði standa einnig til boða, t.d. atvinnuþátttaka eldri nemenda þar sem áhersla er á þátttöku í verkefnum í grenndarsamfélagi skólans í stað bóklegs náms. Í skólanum eru 20% nemenda af erlendum uppruna en um 7% nemenda skólans fá kennslu í íslensku sem öðru máli. Á heimasíðu skólans er tengill á síðu hjá „Google translate“ og þannig hægt að snúa textaupplýsingum á önnur tungumál.

2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður af kennurum, m.a. í Mentor. Nemendur mæta til formlegs samtals með foreldri og umsjónarkennara tvisvar á ári og fylla út matslista í Mentor fyrir samtölin.

Skólinn notar matstækið Lesferil frá Menntamálastofnun til að fylgjast með árangri nemenda í grunnþáttum læsis og brugðist er við ef bæta þarf árangur, m.a. með einstaklingsmiðaðri lestrarkennslu í 1.-7. bekk. Skýrt ferli er í kringum notkun á Logos greiningartækinu ef grunur er um lesblindu hjá nemendum. Að öðru leyti liggja ekki fyrir skýrar áætlanir um stuðning eða sérkennslu. Á gömlu heimasíðu skólans eru móttökuáætlanir fyrir nemendur, en í þær vantar eftirfylgni eftir að formlegri móttöku er lokið. Fram kom hjá skólastjóra að það hafi verið krefjandi verkefni fyrir þremur árum þegar nýbúadeildin í Kópavogi var lögð niður og nýbúar fóru í sína hverfisskóla. Að sama skapi kom fram hjá kennurum að meira fjármagn þyrfti til reksturs fjölmenningslegs skóla og meiri íslenskukennslu þyrfti fyrir nýbúa.

Vinna við endurskoðun námsmats samkvæmt hæfniviðmiðum og lykilhæfni stendur yfir. Nemendur og foreldrar hafa aðgang að kennsluáætlunum í Mentor og þar verður tenging við markmið og hæfnimiðað námsmat þegar vinna við endurskoðun er lokið. Í bekkjarnámskrám á heimasíðu skólans


eru skráð hæfniviðmið fyrir einstök námssvið eins og þau birtast í aðalnámskrá en þau hafa ekki verið útfærð fyrir einstök fög í hverjum árgangi fyrir sig.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa.

4. bekkur




Árangur nemenda 4. bekkjar í íslensku hefur verið að batna og var við síðustu mælingu 2017 við landsmeðaltal. Hins vegar hefur árangur í stærðfræði dalað og var 2017 þó nokkuð undir meðaltali.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði var nokkuð yfir landsmeðaltali 2013 en hefur dalað og er nú aðeins undir meðaltali.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var yfir landsmeðaltali í öllum metnum fögum.

10. bekkur



Árangur í 10. bekk hefur verið nokkuð vel yfir landsmeðaltali í öllum metnum fögum nema 2014 þegar árangur í íslensku var við meðaltal og árangur í stærðfræði fór undir meðaltal.




Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að það tilhneiging til að dala milli 4. og 7. bekkjar en svo batna aftur. Þegar árangur árganga í stærðfræði er skoðaður þá er meiri tilhneiging að bæta sig milli 4. og 7. bekkjar en dala svo eftir það. 2002 árgangurinn sker sig þó úr þar sem árangurinn dalaði umtalsvert í 7. bekk og fór undir landsmeðaltal en bætti sig svo aftur í 9. bekk og fór aftur yfir meðaltal.

Lesferill

Árgangar

- 1. árgangur
- 2. árgangur
- 3. árgangur
- 4. árgangur
- 5. árgangur
- 6. árgangur
- 7. árgangur
- 8. árgangur
- 9. árgangur
- 10. árgangur


Fyrirlögn sept. 2018, Kópavogsskóli



Vinstri myndin sýnir leshraða árganga skólans þar sem fremsta súlan eru viðmið Menntamálastofnunar. Þegar hægra myndin er skoðuð sést að meðaltal lesinna orða hefur verið í kringum landsmeðaltal í öllum árgöngum.

2.3 Gæði kennslu

Kennsla í skólanum er skipulögð sem hefðbundin bekkjarkennsla, hver nemandi tilheyrir ákveðinni bekkjareiningu og hefur einn umsjónarkennara. Áhersla er þó á að bekkir innan sama árgangs vinni saman til að auka tengsl nemenda. Í vettvangsathugunum var hið hefðbundna form bekkjarkennslu mest sýnilegt, þ.e. hver bekkur í sinni stofu með einn kennara. Í vettvangsheimsóknum voru fræðandi kennsluhættir í um 73% kennslustunda, þ.e. kennarastýrðir kennsluhættir en leiðbeinandi í 3% kennslustunda.



Kennsla er brotin upp úr hefðbundnu formi í teymiskennslu í 1. og 2. bekk, á þemadögum, í náms- og kynnisferðum og þegar aðrar uppákomur eða heimsóknir standa til boða. Nemendur í 10. bekk fá markvissa kynningu á framhaldsskólum sem hluta af námi sínu og heimsækja marga þeirra yfir veturinn. Ellefu nemendur úr 9. og 10. bekk stunda nám utan skólans í ákveðnum námsgreinum á framhaldsskólastigi og er það nám metið til valgreina á unglingsstigi.

Í samræmi við stefnu Kópavogsbæjar hefur undanfarin ár verið lögð aukin áhersla á rafrænt nám nemenda í eldri bekkjum en allir nemendur í 5.-10. bekk hafa fengið spjaldtölvu til afnota í skóla og heima. Í vettvangsathugunum mátti sjá að nemendur notuðu upplýsingatækni að einhverju marki í um 35% kennslustunda. Fram kom að þægilegt væri fyrir eldri nemendur að nota spjaldtölvuna fyrir rafrænar kennslubækur, lausnahefti, glærur og myndbönd frá kennara og alls kyns ítarefni. Einnig kom fram að hægt væri að fá góðan stuðning frá Menntasviði Kópavogs vegna innleiðingarinnar og að Menntabúðir á mánudögum hefðu m.a. verið nýttar til að læra á snjallforrit og styðja kennara í þróun og nýbreytni í kennsluháttum. Á vettvangi sást dæmi um hvernig notkun spjaldtölvu í kennslu getur aukið fjölbreytni og ýtt undir samvinnu nemenda.


Kennslustundir eru breytilegar að tímalengd, en flestar eru 40 eða 60 mínútur að lengd. Nokkuð var um að nemendur hefðu ekki úthald í 60 mínútna kennslustundir og tíminn ekki nægilega vel nýttur til náms og kennslu. Þó voru dæmi um að kennslustund væri brotin upp og verkefni aðlöguð á árangursríkan hátt að tímalengd stundar.

Ekki er gert ráð fyrir nægum tíma fyrir nemendur til að komast í eða úr íþróttum, kennslustundir hefjast oft á sömu mínútu og íþróttatímar eiga að enda. Á vettvangi sá matsmaður að hópur sem átti að fara í sund var tekinn úr sinni kennslustund 20 mínútum áður en kennsla var lokið.

Flestar af þeim kennsluáætlunum sem lágu frammi í kennslustundum voru yfirlit fyrir hverja viku með upplýsingum um námsefni og blaðsíður. Þar komu ekki fram markmið verkefna eða tenging við hæfniviðmið. Ekki var sýnileg námsaðlögun vegna einstakra nemenda nema í þremur stundum sem skipulagðar voru sem sérkennsla utan bekkjar. Í meirihluta kennslustunda fengust allir nemendur við sömu eða svipuð verkefni og má því velja því fyrir sér hvort með því móti sé aðlögun í kennslu til samræmis við námsmarkmið hvers og eins. Námsmat, og tenging þess við markmið og hæfniviðmið var ekki sjáanlegt á vettvangi. Þó kom fram að þessi tenging væri að einhverju leyti í Mentor.

2.4 Skipulag náms

Kennarar hvers árgangs og stigs hittast reglulega og vinna saman að skipulagi kennslu. Teymiskennsla er notuð í 1.-2. bekk en þar fara nemendur tvisvar í viku „á svæði“ þar sem þeir vinna í aldursblönduðum hópum. Skipulag náms og kennslu virðist almennt hvorki gera ráð fyrir sjálfstæði í námi né samvinnu nemenda. Umræður og skoðanaskipti á milli nemenda voru lítið notuð sem hluti af námi og kennslu. Í kennslustundaathugunum var virk samvinna á milli nemenda í 18% kennslustunda og blanda af samvinnu og einstaklingsvinnu í 21% kennslustunda.



Skólinn er staðsettur miðsvæðis og stutt að sækja þjónustu bókasafns bæjarins og náttúrufræðistofu. Aðgengi er gott að útivistarsvæðum og stutt að fara í leikskóla hverfisins og framhaldsskóla, enda er sú nálægð markvisst nýtt í skólalastarfinu.

2.5 Námsvitund

Nemendum virðast almennt ekki ljós markmið í námskrám og hvaða viðmið eru sett um árangur. Á vettvangi sást ekki dæmi um að kennarar ræddu við nemendur um markmið og viðmið en nemendur voru þó sammála um að þetta gæti verið mismunandi eftir námsgreinum.

Í kennslustundaathugunum sátu nemendur oftast við borð og unnu í bækur undir stjórn kennara. Foreldrar eru hafðir með í ráðum þegar um er að ræða einstaklingsmarkmið og einstaklingsnámskrár en nemendur telja sig ekki vera með í þeirri vinnu. Nemendur geta valið sér námsgreinar og námsaðferðir í valgreinum í 8.-10. bekk og fá þar að reyna sig í viðfangsefnum sem tengjast frekar þeirra áhugasviði og námsstíl.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Almennt koma nemendur vel fram og taka tillit til annarra. Samskipti í skólasamfélaginu virðast jákvæð, nemendur hafa tækifæri til samvinnu og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á formlegum bekkjarfundum og í umsjónartímum. Nemendur eru sammála um að þeir hafi gott aðgengi að skólastjórnendum ef þeir vilja ræða málin. Dæmi eru um að nemendur hafi haft áhrif á jákvæðar breytingar í skólastarfinu, svo sem á skólalóð og í mötuneyti.

Nemendur eiga sína fulltrúa í skólaráði og geta þeir upplýst samnemendur sína um ákvarðanir með því að ganga í bekki og dreifa upplýsingum. Nemendafulltrúar bjóða sig fram til setu í nemendaráði og tengt framboðinu æfa þeir sig í að kynna sig og sjónarmið sín.

Í skólanum er stuðst við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar og er það vel sýnilegt í skólanum. Í vettvangsathugunum voru reglur stefnunnar og áhersluatriði vel sýnileg í öllum kennslustofum og á göngum, en m.a. á þann hátt geta nemendur gert sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag. Skólinn var almennt snyrtilegur og verkefni nemenda mjög sýnileg. Dæmi um það eru listaverk sem sýna gildi skólans og stórt myndrænt afmælisverk. Bekkjarsáttmálar og myndrænar stundatöflur voru í hverri stofu og nokkuð um myndrænt námstengt efni á veggjum skólastofa.

Styrkleikar

- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrám í samstarfi kennara og foreldra, getur verið fjölbreyttur og tekið til margra þátta í skólastarfinu.
- Reglulega er fylgst með árangri nemenda og hann skráður.
- Skólinn notar matstækið Lesferil til að fylgjast með árangri nemenda í grunnþáttum læsis og hefur skráð viðbrögð og ferli við lestrarörðugleikum.
- Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdu könnunarprófi í íslensku hefur aukist.
- Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum var töluvert yfir landsmeðaltali í öllum greinum; íslensku, stærðfræði og ensku.
- Dæmi eru um að notkun spjaldtölva í kennslu auki fjölbreytni og ýti undir samvinnu nemenda.
- Bráðgerir nemendur geta sótt nám í Menntaskólann í Kópavogi.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Kennarar nýta teymiskennslu markvisst á yngsta stigi til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur geta valið sér námsgreinar og námsaðferðir í valgreinum í 8.-10. bekk og reynt sig í viðfangsefnum sem tengjast þeirra áhugasviði og námsstíl.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu fyrir foreldraviðtöl.
- Samskipti í skólasamfélaginu virðast jákvæð.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- Stefnan Uppeldi til ábyrgðar er sýnileg og virk og hvetur til jákvæðs skólabrags.
- Verk nemenda eru sýnileg um allan skólann og snyrtilega sett upp.

Tækifæri til umbóta

- Birta með skýrum hætti í skólanámskrá áherslur aðalnámskrár um nám og kennslu með tilgreindum leiðum til að mæta þeim, ásamt því hvernig námsaðlögun er háttað.
- Gera grunnþáttum menntunar skil í skólanámskrá og áætlunum um nám.

- Kynna námskrár og áætlanir um kennslu fyrir nemendum og foreldrum og hvetja þá til að nota þær.
- Skrá og skilgreina áætlanir um stuðning eða sérkennslu.
- Skrá viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni og gera þessar upplýsingar aðgengilegar, auk þess að gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.
- Hvetja kennara til þess að nýta fjölbreytilega kennsluhætti, m.a. í þeim tilgangi að koma til móts við hvern og einn nemanda.
- Skipuleggja kennslu og verkefni/viðfangsefni þannig að námstími nemenda sé vel nýttur, m.a. með tilliti til lengdar kennslustunda og tíma sem þarf til að komast í og úr íprótta- og sundtímum.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlunum og tengja þau við námskrá.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Námsmat þarf að vera fjölbreytt og taka mið af kennsluháttum.
- Birta í kennsluáætlunum hvernig á að kom til móts við ólíkar námsparfir nemenda.
- Þjálfá samvinnu og samstarf nemenda markvisst í námi og kennslu.
- Koma á formlegum samtölum umsjónarkennara við nemendur um nám og líðan.
- Tryggja að haft sé samráð við nemendur um markmiðasetningu í einstaklingsnámskrám, til samræmis við aldur þeirra og getu.
- Veita nemendum markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Þjálfá nemendafulltrúa í ráðum og nefndum til þeirra verkefna sem þau taka að sér.

Páttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í óbirtri starfsáætlun 2018-2019 er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Námsráðgjafi leggur tengslakönnun fyrir nemendur auk könnunar á líðan og einelti. Einnig notar skólinn vefkönnunarkerfið Skólapúlsinn til að spyrja nemendur, foreldra og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Auk þess eru starfsmannaviðtöl til að fá fram viðhorf starfsmanna. Loks er fjallað um úrbætur á skólastarfinu í tengslum við niðurstöður þess mats sem gert var á skólaárinu 2016-2017 og þeirri umbótaáætlun sem til varð í framhaldi af því. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Notuð eru próf, kannanir og símat sem kennarar skrá og nemendur geta skoðað niðurstöður í Mentor. Kennarar á miðstigi rýna sameiginlega í niðurstöður og gera áætlanir um framhald en slíkt er ekki gert á unglingsstigi. Fram kom að mat skólustjóra á kennslu, jafningjamat kennara eða mat á nýjungum í kennsluháttum fer ekki fram með reglubundnum hætti.

Innra mat Kópavogsskóla byggir á sex gildum skólans. Unnin var aðgerðaráætlun með stefnu skólans og á haustönn 2016 var skráður framgangur einstakra þátta.

Fyrir liggur greinargerð um innra mat 2017-2018 sem ekki hefur verið birt á heimasíðu. Þar kemur fram að matstækið Skólapúls falli vel að gildisgrunn skólans en hvorki eru skilgreind markmið um þann árangur sem stefnt skuli að né eru leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar hluti af innra matinu. Fyrir liggur áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár. Ekki liggur fyrir áætlun til lengri tíma.

3.2 Framkvæmd

Innra mat er unnið af teymi sem skipað er kennurum. Skólustjóri starfar með teyminu og gengur frá skýrslu. Aðrir hagsmunaaðilar, þ.e. foreldrar, nemendur og aðrir starfsmenn koma ekki að framkvæmd innra matsins. Í skýrslu um innra mat kemur ekki fram að skólinn nýti niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmd könnunarpróf og eigin skimanir í innra mati.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila með leiðum sem við eiga hverju sinni. Gagna er aflað með spurningalistum og viðtölum.

3.3 Umbætur

Í skýrslu um innra mat er lýst tengslum við gildisgrunn Kópavogsskóla. Hvorki er gerð grein fyrir tengslum við stefnu skólans né markmið skólanámskrár. Lýst er markmiðum matsins og aðferðum við framkvæmd þess sem og þátttakendum. Ekki er fjallað um viðmið en gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum og helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta. Ekki er gerð grein fyrir að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Umbótaáætlun 2018-2019 sem er í óbirtri starfsáætlun sem og óbirtri skýrslu um innra mat 2017-2018 er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta en ekki eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem talin er þörf á úrbótum. Í rýnihópi kom fram að umbætur voru ekki bornar undir skólaráð með formlegum hætti á síðasta skólaári. Þátttakendur í rýnihópum

gátu nefnt ýmsar úrbætur í kjölfar innra mats, s.s. skólamat, ritföng og endurbætur á leikaðstöðu frístundaheimilis utandyra.

Styrkleikar

- Í starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem farnar eru við innra mat.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Starfrækt er teymi um innra mat og starfa skólastjóri með teyminu.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Nýttar eru gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.
- Í skýrslu um innra mat er fjallað um styrkleika og tækifæri til umbóta og er umbótaáætlun í samræmi við það.
- Dæmi eru um umbætur í skólastarfinu sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.
- Byggja val matsþátta með skýrum hætti á markmiðum og helstu viðfangsefnum og meta þau reglubundið.
- Gera leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla hluta af innra mati og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Vinna áætlun um innra mat sem nær til lengri tíma (3-5 ár) þannig að helstu þættir skólastarfsins séu metnir.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í teymi um innra mat.
- Nýta niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmd könnunarpróf og skimanir í innra mati.
- Gera grein fyrir tengslum við stefnu skólans og markmið skólanámskrár, viðmiðum um árangur og að hve miklu leyti markmið hafa náðst, í skýrslu um innra mat.
- Tilgreina markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Bera áætlanir um umbætur undir skólaráð með formlegum hætti og fylgja þeim kerfisbundið eftir.
- Birta greinargerð um innra mat 2017-2018 á heimasíðu sem og umbótaáætlun 2018-2019.